

Samningur um kaup á eignarhlutum Knattspyrnufélags Hauka í íþróttamannvirkjum að Ásvöllum 1.

Hafnarfjarðarbær, kt. 290169-7579 og Knattspyrnufélagið Haukar kt. 600169-041 gera með sér svofelldan samning.

Hafnarfjarðarbær kaupir eignarhlut Knattspyrnufélagsins Hauka í íþróttamannvirkjum þ.e. fasteignir og öll önnur mannvirki á lóð að Ásvöllum 1 og sundurliðast þannig:

Fastanúmer 225-8749 (Eignarhald 0102)

Rými	Heiti	Stærð
0104	Búningsgeymsla/þvottahús	51,5 m ²
0105	Búningskl.suð/leikfimissalur	465,5 m ²
0106	Geymsla	12,0 m ²
0107	Geymsla	17,0 m ²
0108	Geymsla	17,0 m ²
0109	Geymsla	6,9 m ²
0112	Tæknirými	43,6 m ²
0202	Mótstjórn	52,5 m ²
0203	Setustofa/barnah./geymsla	306,1 m ²
0204	Skrifstofa	21,0 m ²
0208	Svalir	<u>15,7 m²</u>
	Samtals:	<u>1.008,8 m²</u>



Fastanúmerið 207-3478 þ.e. 49,62 fermetra af vallarhúsi

Rými	Heiti	Stærð	Hlutdeild Hafnarfjarðar	Hlutdeild Haukar
01-0101	Vallarhús	248,1 m ²	198,48m ²	49,62 m ²

Félagsheimili 0102 633,9m², bensínstöð 5,3m² og eldsneytistankur 31,5 m² verða áfram í eigu Knattspyrnufélagsins Hauka.

Heildar fermetrafjöldi er 1.058,42 og aðilar eru sammála um verðmæti eignna er kr 271.000.000

Hafnarfjarðarbær kaupir 23,11% eignarhlut á árinu 2012 að fjárhæð 62.634.344 en sá hlutur er greiddur með skuldajöfnun á skuldabréfi útgefnu 1. apríl 2001 að fjárhæð 53.793.668 og skuldabréfi 1. apríl 2002 að fjárhæð 8.840.676. Eftirstöðvar þess láns verður greiddar með sömu afborgunarskilmálum og áður og verður dreginn af rekstrarstyrki félagsins mánaðarlega.

Á hverju ári kaupir Hafnarfjarðarbær 7,1 % eignarhlut og greiðir 1.600.000 kr. fyrir 21. hvers mánaðar inn á bankareikning Knattspyrnufélagsins Hauka í Landsbanka Íslands númer 0140-63-402015. Fjárhæðin breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs á hverjum tíma. Hafnarfjarðarbær er

TÍMULÍF

kunnugt um að reikningur þessi er handveðsettur og að annar greiðslumáti er óheimill nema handveðshafi samþykki það skriflega.

Samningur þessi tekur gildi við undirritun 28. desember 2012 og gildir til 28. desember 2037. Samninginn skal endurskoða árlega með hliðsjón af fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar og er uppseginlegur af hálfu Hafnarfjarðar með 6 mánaða fyrirvara. Hafnarfjarðarbær hefur á samningstímanum full afnot og umráðarétt yfir þeim eignum sem eru tilteknar að framan og greiðir ekki leigu fyrir afnot mannvirkjanna.

Að samningstíma loknum skal Knattspyrnufélagið Haukar gefa út afsal fyrir framangreindum eignum, án frekari greiðslna en samningur þessi tiltekur, til Hafnarfjarðarbæjar og þar með verða þær eign Hafnarfjarðarbæjar án annarra kvaða og eða skuldbindinga en þeirra sem Hafnarfjarðarbær hefur lagt á.

Stjórn Knattspyrnufélags Hauka og stjórnum tengdra félaga er með öllu óheimilt að stofna til nýrra skulda á samningstímanum.


Hafnarfjörður, 28. desember 2012

F.h. Hafnarfjarðarbæjar



Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
bæjarstjóri

F.h. Knattspyrnufélags Hauka


Magnus Gunnarsson
framkvæmdastjóri

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift

Gunnar Gunnarsson 240763-7619
Síðurður Þóll Harðarson 160761-4749